

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari, þegar um er að ræða nauðsynleg lyf, sem ávísað hefur verið af lækni (tannlækni) og afgreitt er í lyfjabúð eða af öðrum aðila, sem hefur leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994, og lög nr. 122/1994 um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994.

Ávísað magn á hverri lyfjaávísun (ordination) skal miða við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á eftirfarandi lyf, en þá skal miða við mest 30 daga notkun:

	ATC-flokkur
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Sveppalyf til inntöku	D 01 B
c. Geðdeyfðarlyf, tvíhringlaga afbrigði	N 06 AB
d. Sveppalyf	J 02

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út skírteini, sem heimilar að lyfjaávísunin sé miðuð við 100 daga notkun á einni lyfjaávísun fyrir ofangreind lyf fyrir þá sjúklinga, sem sýnt er fram á að nauðsynlega þurfi að nota lyfin að staðaldri.

Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð. Viðmiðunarverðið skal vera 5% hærra en smásölverð ódýrasta samsvarandi lyfs og skal það endurskoðað á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út viðmiðunarverðskrá yfir samsvarandi pakkningar samheitalyfja um leið og sérlyfjaskrá og viðauka hennar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir sjúkratryggðan lyf í eftirtöldum lyfjaflokkum sem honum er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „100“ eða „*“ í gildandi lyfjaskrá (,100“ í sérlyfjaskrá „*“ í lyfjaverðskrá I og II, sbr. 10. gr. lyfjalaga nr. 93/1994). Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.

	ATC-flokkur
a. Sykursýkilyf	A 10
b. Storkuþættir	B 02 BD
c. Cýpróterón	G 03 HA 01
d. Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
e. Krabbameinslyf og lyf til ónæmishindrunar eða ónæmisörvunar	L
f. Flogaveikilyf	N 03
g. Lyf við Parkinsonsjúkdómi	N 04
h. Gláku-og ljósopsprengjandi lyf	S 01 E

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan, lyf í eftirtöldum lyfjaflokkum sem honum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaskrár:

	ATC-flokkur
a. Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
b. Vítamín D og skyld lyf	A 11 CC
c. Hjartasjúkdómalyf	C 01
d. Kalsíumblokkarar	C 08
e. Lyf með verkun á renínangíótensín kerfið	C 02 E
f. Beta-blokkarar	C 07
g. Psoriasislyf	D 05
h. Barksterar	D 07
i. Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m. Sterk geðlyf (neuroleptica)	N 05 A
n. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
o. Amínókínólínafbrigði	P 01 BA
p. Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 500 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 12,5%, en þó aldrei meira en 1.500 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 150 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 150 kr. skulu þeir greiða 5%, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrár með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 500 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 25%, en þó aldrei meira en 3.000 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 150 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 150 kr. skulu þeir greiða 10%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað

sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) og V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt „E,O“ í lyfjaskrá og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar enda framvísi sjúkratryggður lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu lyfsins.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við eftirtalin lyf og skulu þau auðkennd með „O“ í lyfjaskrá:

- a. Lyf, sem fáanleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrá), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokki A 12 BA, D 05 AA og S 01 XA, sem greiðast samkvæmt 4. gr.
- b. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir:

A 06 A	Hægðalyf
A 11	Vítamín, nema lyf í flokki A 11 CC, sbr. 3. gr. staflíð b.
B 04	Blóðfitulækkandi lyf
D 06	Sýklalyf
D 09	Umbúðir
D 10 A	Lyf til útvortis notkunar við bóllum
D 11 AX	Ýmis lyf til útvortis notkunar
G 03 A	Hormónar, notaðir til getnaðarvarna
J 06 A	Ónæmissermi
J 07	Bóluefni
N 02 B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf
R 01 AA	Adrenvirk (nef)lyf
R 02	Hálslyf
R 05	Hósta- og kvefilyf (nema lyf í flokki R 05 CB, slímþynnir og R 05 DA 04, kódeín, en þau skal greiða skv. 4. gr.)
- c. Lyf í eftirfarandi ATC-flokkum, þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 4. gr.

J 01 A	Tetracyklínsambönd
J 01 C	Beta-laktam sýklalyf, penicillín
J 01 D	Önnur beta-laktam sýklalyf
J 01 E	Súlfónamíðar og trímétóprím
J 01 F	Makrólíðar og linkósamíðar
J 01 M	Kínólónar
N 05 B	Róandi lyf (anxiolytica) (nema lyf í flokki N 05 BE, azaspíródekandíón afbrigði, en þau skal greiða skv. 4. gr.)
N 05 C	Svefnlyf (hypnotica og sedativa)
P	Sníklalyf (antiparasitica), skordýraeitur og skordýrafætur (nema lyf í flokki P 01 BC 01, kínín, en þau skal greiða skv. 4. gr. og lyf í flokki P 01 BA, amínókínólínafbrigði, en þau skal greiða skv. 3. gr.)

6. gr.

1. Í alveg sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka aukinn þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri og eru auðkennd „E“ í lyfjaskrá. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini, sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út og er greiðslu þá háttað eins og „B“-merktra lyfja, sbr. 3. gr.

2. Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri þó þau séu auðkennd „O“ í lyfjaskrá. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út og er greiðslu þá háttað skv. 4. gr.
 - a. Alvarleg truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi, áunnin eða meðfædd. Morbus Addisonii, meðfætt adrenogenital syndrome, meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica), vöðvaslenufár (myasthenia gravis) eða aðrir sjaldgæfir sjúkdómar.
 - b. Siendurteknar alvarlegar sýkingar.
3. Í sérstökum tilvikum þegar sjúklingur þarf nauðsynlega á því að halda að nota að staðaldri eða um lengri tíma fjölda lyfja samtímis, sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini, sem undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka.
4. Lyfjaávisanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem auðkennd eru með „B“ í lyfjaskrá og falla undir eftirfarandi lyfjaflokka: N 04 A, andkólinvirk lyf; N 05 A, sterk geðlyf (neuroleptica); N 06 A, geðdeyfðarlyf (antidepressiva). Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærri en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.
5. Þegar sjúkrahúsapótek, sem skv. 36. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 hafa leyfi til lyfjasölu, afgreiða til sjúkratryggðra lyf, sem eru með afgreiðslumerkingu „S“ í lyfjaskrá og lyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og eingöngu eru notuð á sjúkrahúsum, greiðir Tryggingastofnun ríkisins þau í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari. Í einstökum tilvikum getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þó mælt með annari greiðslutilhögun. Lyfjanefnd ríkisins ákvarðar hvaða lyf sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 falla undir „S“ merkingu.
6. Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er, að fengnum meðmælum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, heimilt að taka þátt í kostnaði við óskráð sérlyf, sbr. 4. gr., sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ákvörðun um greiðsluþátttöku í undanþágulyfjum á grundvelli umsóknar þar sem fram komi verð lyfsins, ástæða fyrir ósk læknis um notkun lyfsins og hvers vegna ekki er í viðkomandi tilfelli unnt að nota skráð lyf eða lyf framleitt sem forskriftarlyf læknis í apóteki.

8. gr.

Greiðslutilhögun sérlyfja í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari skal getið við skráningu sem unnin er af lyfjanefnd ríkisins, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. ágúst 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 515/1992 með sama heiti ásamt áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.